

Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBOND VIÐ AÐRAR STJORNUR 43. TBL. 9. ARG. SEPT. 1983



Einungis þar sem lokið er öllum vilja á að gera öðrum illt, verður stefnt til hins mikla sambands.

Helgi Pjeturss.

HALASTJÖRNUR – (Sjá forsíðumynd)

Pegar björt halastjarna birtist á himni, þá vekur hún mikla athygli manna. Halastjörnur sjást sjaldan og á liðnum öldum vöktu þær ugg og ótta. Þær þóttu boða váleg tíðindi.

Árið 1066 birtist t. d. björt halastjarna, um það leyti sem Normannar voru að undirbúa innrás á England. Mynd af þeirri halastjörnu er sýnd á hinum fræga Bayeux-mynddregli.

Halastjörnur hafa oftast langan, þokukenndan hala. Upphaf skilnings okkar á halastjörnum eigum við að þakka Edmond Halley (1656–1742), sem var samtíðarmaður Isaacs Newtons (1643–1727), hins mikla stjörnufræðings. Halley gerði ráð fyrir að flestar halastjörnur gengju eftir mjög aflöngum brautum, á leið þeirra um sólina. Hann reiknaði út að ein og sama halastjarnan hefði birst aftur og aftur, þ. e. 1531, 1607, 1682 og að hún myndi enn birtast 1759, sem og reyndist rétt, en þá var Halley dáinn nokkrum árum áður. Síðan hefur þessi halastjarna verið kölluð Halleys-halastjarnan. Umferðartími hennar um sól er um 75 ár. Hún gengur inn fyrir braut Venusar og út fyrir braut Neptúnusar. Halastjarnan sem sást árið 1066, og áður er getið, var í rauninni Halleys-halastjarnan, á einni af ferðum hennar um sólina. Síðar kom Halleys-halastjarnan enn árið 1835 og 1910 og von er á henni árið 1986. Hún er bjartasta halastjarna sem þekkest.

Kjarni halastjarna virðist gerður úr gasi og rykögnum, en einnig úr stórum efnisklumpum. En halinn er ákaflega efnislítill og stafar af því að geislar sólarinnar hrífa með sér hluta af allra léttustu efnunum, sem hannig þeytast út í geiminn.

Af þessum sökum snýr halinn ávallt burt frá sól. Þegar stjarnan nálgast sólina fer halinn á eftir henni, en er hún fjarlægist sól, fer hann á undan og sýnist þá ganga aftur á bak.

Sumar halastjörnur hafa mjög langan umferðartíma, allt að 165 árum en aðrar allt niður í 3,3 ár. Halastjörnur sjást sjaldan nema þegar þær eru í nánd við sól.

Ingvar Agnarsson.

Myndin er fengin út Astronomy eftir Iain Nicolson og sýnir Chéseaux-halastjörnuna. Á henni voru a. m. k. sex breiðir halar og að því leyti óveniuleg. Hún sást í mars árið 1744 en ekki síðan svo vitað sé Myndin er gerð af Gordon Davies.

„Guðirnir á Síríusi“

eftir K. O. Schmidt

Pýðing eftir Þorstein Guðjónsson.

Það sem í síðasta sambandi mínu við Magnana olli mér kvíða og hryggðar, var það ákveðna hugboð, sem ég hafði um það, að sambandið væri óðum að þverra. Það var eins og mér væri ætlað að láta mér nægja þetta, sem mér þegar hafði verið leyft að skoða, til þess að ég gæti beint hugsun minni og lífurni í rétta átt . . .

Enda þótt þrá mín stæði öll til þess að halda sambandinu við Magnana, sem ég var svo hjartanlega þakklátur fyrir, lauk þessari reynslu minni jafn skyndilega og hún hafði byrjað.

. . . Nótt eftir nótt vonaði ég að sýnirnar myndu koma aftur. Þó var mér fyrirmunað að nálgast að nýju hina fengnu reynslu af eigin rammleik.

Söknuður og angurværð fylltu huga minn, þegar ég varð að lokum að gera mér fullkomlega ljóst, að sambandinu yrði ekki aftur komið á af minni hálfu.

En ég var að sama skapi þakklátur fyrir það sem mér hafði verið veitt að sjá – og þó mest fyrir það, að hin snöggu hugarleiftur um nærveru guðs í heimi sólna og jarða höfðu kennt mér að skynja hina sömu nærveru hið innra með mér og vita af mínum innra auði.

Hvaða gjöf hefði ég getað þegið dýrmætari en þessa: hina þríþættu reynslu þess, að guddómurinn birtist jafnt í öllu því, sem í alheimi gerist, og þess, að innsta eðli mitt er óaðgreinanlegt frá innsta eðli tilverunnar; og að verurnar í alheimi standa á hverju þroskastiginu öðru hærra. Í þeim þroskastiga standa reyndar ‘Guðirnir á Síríusi’ – eins og ég reyndar nefni þá enn – meðal þeirra mannkynja, sem jarðneskir hugir megna enn í minnsta lagi að gera sér grein fyrir.

. . . Það kunna að líða langar aldir þangað til við mennirnir komumst á slíkt stig . . . En það hið endurtekna fyrirheit styrkir og gleður hjarta mitt að þar mun koma að þetta verði, ef við stefnum staðfastlega að því marki að verða meir-en-menn.

Vera má, að meir-en-menn hins nýja tímaskeiðs eigi eftir að líta á okkur, sem enn erum svo fávísir og ófriðsamir, eins og við lítum

nú á Neanderthalsmenn . . . En samt erum við forfeður og fyrirrennarar ofurmenna og hugmenna framtíðarinnar. Komandi fullkomin þeirra á þegar frumdrög sín í okkur, eins og við erum nú.

Já, sem börn veraldarviljans berum við alla þá krafta og gjafir í okkur, sem munu verða okkur til hjálpar að gegna því heimshlutverki og hinu guðlega fullkominarhlutverki, sem okkur er fyrir sett.

Ólýsanleg er sú gleðitilfinning, sem vaknar af því að vita, að erfiði og barátta mannfólksins er ekki til ónýtis, heldur leiðir hún til þess, að hið sanna heimsvor mun hefjast, það sem hina göfugustu mannvini á Austurlöndum og Vesturlöndum hefur frá öndverðu dreymt um, þráð og boðað!

* *

Maðurinn líkist vissulega sjálfum vísindunum, en þau eru, eins og ágætur fulltrúi þeirra hefur sagt: 'eilíf af uppsprettu sinni, ómælanleg af stærð sinni, og óendanleg í viðfangsefnum sínum':

Fyrir okkur öllum liggur sú framtíð, sem verður fær um að njóta fegurðar og frelsis og þeirrar sjálfsfullkomunar, sem okkur er öllum í brjóst lagt að leita eftir.

. . . Fjöll jarðarinnar munu í rás áramilljónanna veðrast og molna, og eftir enn lengri tímabil munu þau sléttast út . . . meginlöndin munu breyta um lögun . . . eyjar munu rísa úr sæ . . . aðrar munu sökkva. En mannkynið mun lifa — og enginn tegundadaudi, engir heimsbrunnar munu geta stöðvað þá framsókn né eytt verkum þessa mannkyns, — nema það geri það sjálft . . .

Og ef jörðin á það fyrir sér að veltast áfram í líki stirðnaðs, koldímms, líflauss hnattar um auðnir geimsins, mun mannkynið þó fyrir löngu hafa fundið sér staði til vaxandi fullkomunar á ungum, fögrum stjörnum hins víða geims.

Þessa vissu þakka ég sýnum mínum:

Lífverur og hnettir skapast og eyðast . . . þúsundir og milljónir ára líða . . . en lögmál hinnar óstöðvandi þróunar til hins æðra, samstillingar og fullkomunar alls lífs í alheimi — þróunin upp á við — starfar óaflátanlega.

Við höfum meiri tíma fyrir okkur en jörð sú, sem ól okkur af sér. Allar verur á hinum ýmsu hnöttum eiga sér lengra líf en hnettirnir, sem eru þeirra heimkynni — ef þær falla ekki í freistni hins vaxandi valds yfir náttúrunni og eyðileggja lífsgrundvöll sinn og sjálfa sig

...

Slíkt er það fyrirheit, sem ætti að hvetja okkur til að ganga fullir

trúnaðartrausts, með vaxandi skilningi og ábyrgðartilfinningu til móts við hina óendanlegu, sífellt glæsilegri framtíð.

* *

En þetta er það, sem mér var í sambandinu sagt, að treysta mætti með vissu:

Jarðarmannkyn okkar er furðulega ungt og lífsöflugt. Heimsdagur þess er naumast hafinn. Sífelld, hækkandi framþróun bíður þess, og óendanlegur varanleiki.

Saga mannkynsins fram að þessu er ekkert annað en lítil skíma hins komandi dags, og sólin er enn ekki komin á loft.

Maðurinn, eins og hann er nú, er ekki annað en byrjun. Það er undir honum sjálfum komið, hvort hann vinnur þannig, að það réttlæti þær vonir, sem þessi byrjun hefur vakið.

Það veltur á hverjum einstökum, hvort hann miðar hugsanir sínar og starf við *lífennisreglu alheimsins* um óaflátanlega sameiginlega fullkomnun allra vera.

Gerum það að fyrstu reglu að líta á mannkynið sem eina heild, til þess að okkur verði unnt að hugsa sem íbúar stjarnheimsins. Gerum okkur það ljóslega meðvitað, að við erum íbúar hnattgeimsins, og að okkur eru veittir hæfileikar og fengin viðfangsefni, sem beinast langt út yfir takmörk hnattarins, sem við byggjum.

Stjörnugeimurinn er al-móðir okkar, guð veraldanna er alfaðir okkar, jörðin er fósturhnöttur okkar, sem mun sleppa okkur lausum, þegar við verðum geimfleyg orðin, og höfum skilið hvert takmark okkar er: að halda áfram frá lífi til lífs, frá stjörnu til stjörnu, og komast þannig stig af stigi nær fullkomnuninni.

Er ekki þessi skilningur og framsýn óendanlega gleðileg? Veitir hún okkur ekki hug og dug til þess að hefjast handa um viðfangsefni, sem jafnvel hundrað mannsævir mundu ekki duga til að ljúka?

Ég fyllist óendanlegu þakklæti, þegar ég hugleiði, að framþróun og örlög jarðarmannkynsins, jafnt sem alls lífs í alheimi, fylgja frá byrjun og fram í fjarlægustu framtíð stórkostlegu *alheimsáformi*. Þetta áform mun í rás hundraða áraþúsunda og áramilljóna leiða okkur til sífellt dásamlegri stiga fullkomnunar fegurðar og máttar, hversu greiðlega eða seinlega sem hverju okkar sækist sú leið.

Hvenær við verðum að sannlega lifandi, stjarnfleygum, skapandi þátttakendum í samfélagi alheimsins, er undir okkur sjálfum komið.

Hver einn ber ábyrgð á sinni löngu leið um heima og geima – og

einnig á örlögum samferðarmanna sinna . . . Og hver einstakur á kost á því að stytta og auðvelda sér þróunarleiðina um stig sjálfsvitneskjunnar, sjálfsfullnustunnar og guðsnálægðarinnar og lyfta sér þannig á fullkomnunarstig Magna og þangað sem enn betur er

. . .

* *

Það sem veitti mér endurnýjaða gleði, mögum árum síðar, var að komast að raun um, að á undan mér höfðu margir aðrir, einkanlega dulspekingar og fræðarar, höfundar helztu trúarbragða sagt frá og boðað líka vitneskju og þá sem mér hafði hlotnast, – og reyndar einnig heimspekingar eins og Immanuel *Kant*, sem þessi orð hefur skrifað:

Mundi hin ódauðlega sál mannsins, sem óendanleg tilvera er fyrirbúin – og þeirri tilveru haggar gröfin ekki, heldur aðeins breytir hún henni – eiga það fyrir höndum að vera sífellt fastbundin við þennan agnardepil alheimsins, við þessa *Jörð* okkar? Mundi hún aldrei verða þess aðnjótandi að mega skoða nánar hinar ýmsu furður sköpunarverksins? . . . Hver veit nema henni sé það fyrirhugað, að koma á þessa fjarlægu hnetti geimsins, sem vekja okkur svo mikla forvitni úr fjarska séðir, og skoða þar sjálf það, sem ágætast er í gerð þeirra og búskap lífsins?

Þessari spurningu heimspekingsins hefur nú með því, sem mér hefur vitrazt, verið svarað játandi.

Þessar fjarlægu stjórnur, sem þrá okkar hefur leitað til um þúsundir ára, hafa nú boðið okkur velkomin til sín (hafa nú kallað til okkar að við séum velkomin). Margar þeirra kunna áður að hafa verið bústaðir okkar manna, samkvæmt því sem mér fannst eftir að mig hafði dreymt þann draum, sem ég sagði frá hér í upphafi . . .

. . . Það sem þær fullvissa okkur um, er, að takmark okkar allra verður, í rás þróunarinnar, að vaxa upp úr dvölinni á þeim barnaleikvelli lífsins, sem jörðin er og verða að alvitandi og máttugum íbúum alheimsins!

Æðri og gleðilegri víska er ekki til en þessi, að einnig við mennirnir erum niðjar geysilega stórkostlegrar alheimsættar og heildar – og til þess kallaðir að færast sífellt nær því, sem er upphaf allrar veru, anda lífsins . . . að hefjast stig af stigi til að ná sífellt betri tókum á lífi og tilveru og fullkomnun sjálfra okkar . . .

. . . að sérhver okkar er burðarás og upphafspunktur óendanlegs þróunarstiga, sem felur í sér furðulega möguleika og dásemdir, sem í rás tímanna munu ná að skapast og þroskast.

að allar þær þróunartilhneigingar sem blunda í eiginleikum okkar, jafnt andlegum sem líkamlegum, munu í rás tímans breytast úr möguleikum í veruleika . . .

að sérhver dád og þráð hugmynd okkar um æðstu fullkomnun mun einhverntíma ná að birtast í lífi og lögun, sem henni samsvarar

...

. . . að stjörnurnar, heimkynni vina okkar í fjarska geimsins, sem senda okkur kveðju sína í geislagliti, boða okkur greinilegar en nokkur orð eilífð anda okkar og mikilleik hlutverks okkar!

Þó svo að þúsundir og milljónir ára líði, þá munum við að lokum standa við takmark fullkomunarinnar. Því að við erum í eðli okkar meiri og stærri en hin óendanlega leið okkar gegnum rúm og tíma. Við erum til þess kallaðir og gerðir að kynnast fjölda hinna byggðu hnatta, ekki aðeins með seinvirkum aðferðum stutts æviskeiðs á einni plánetu, heldur eigum við að líta þá frá sjónarhæðum guðlegra vera. Við eigum að vera okkur meðvitandi sem skapendur ásamt guði veraldanna og við eigum að stuðla að fullkomnun veraldanna. — Að lokum, þegar náð er því, sem við að svo komnu máli getum kallað endamark alheimsferðalags okkar . . . þegar tilganginum með viðfangsefnum okkar er náð . . . munum við hverfa aftur til hins logandi hjarta veraldaguðsins. (Framh.).

P. G. Þýddi.

Erindi og greinar:

DULRÆNA. — SKILNINGUR OG VANSKILNINGUR

Nauðsyn skilnings á dulrænum efnum.

Einn af þeim dulhyggjumönnum íslenskum, sem mest hefur látið að sér kveða lengi heitir F. F. Hann hefur ritað margar bækur, en einnig haldið fyrirlestra og ritað blaðagreinar. Dálítið hef ég reynt að skilja, hvað hann er að reyna að segja, en gengið illa. Mér virðist framsetning hans óljós og að hann geri mál sitt myrkara og dulrænna, en efni standa til.

Eitt sinn, ekki alls fyrir löngu, vildi svo til, að ég var staddur austur á landi í sama húsi og þessi maður. Tilviljun hagaði því svo, að við áttum tal saman. Langar mig til að greina, efnislega, frá þessu samtali, þótt ekki verði orðrétt eftir haft.

I. A.: Þú hefur lengi stundað dulræn fræði. Byggirðu þar eitthvað á eigin reynslu, eða aðeins á því, sem þú hefur lært af öðrum?

F. F.: Það er hvort tveggja. Ég sæki mjög mikið til annarra, en auk þess hef ég eigin reynslu að styðjast við.

I. A.: Viltu segja mér eitthvað af eigin reynslu þinni?

F. F.: Mín reynsla er þannig, að engan veginn er hægt að skýra frá með orðum.

I. A.: Er hún svo ólík öllu, sem við venjulega reynum í lífi okkar, að þar sé alls engu saman að jafna?

F. F.: Já, það er þannig. Þetta er allt annar heimur. Allt annað svið, og því alls enga lýsingu hægt að gefa, eitthvað gjörólíkt öllu, sem hægt er að hugsa sér og hægt er að miða við.

I. A.: Finnurðu vellíðan eða vanlíðan á þessum reynslustundum þínum?

F. F.: Yfirleitt finn ég mikla vellíðan.

I. A.: En sérðu ekkert, er sambærilegt megi kalla við eitthvað þekkt? Er þessi reynsla öll huglæg? Finnur þú til vellíðunar?

F. F.: Já, þetta er allt á huglæga sviðinu. Oftast fylgir því sérstök vellíðan.

I. A.: Þegar þú finnur þessa vellíðan, finnst þér þá e. t. v. eins og

þú sért í einhverju sambandi við aðra veru, einhverja máttuga veru og kærleiksríka?

F. F.: Já, það er einmitt það sem mér finnst. Það er eins og ég standi frammi fyrir einhverju ókunnu, máttugu, yfirþyrmandi, einhverju óendanlegu.

I. A.: Finnst þér þá að þetta *eitthvað* sé persónuleg, æðri vera, eitthvað í líkingu við mann eða mannsál, nema miklu fullkomnara?

F. F.: Já, helst má líkja því við það.

I. A.: Finnst þér þá, að þessi æðri vera hafi einhver áhrif á þig, að hún gagntaki sálu þína eða huga, að hennar vilji verði þinn vilji?

F. F.: Rétt segir þú. Mér finnst ég verði gagntekinn af þessari máttugu veru.

I. A.: Mér skilst þá, að þú komist hér í samband við máttuga, æðri veru. En hefur þér þá aldrei fundist, að þú sjálfur sért þessi vera, að hennar máttur sé þinn máttur, þannig að allt sem hún vill og getur, það sé einnig á þínu valdi?

F. F.: Ef ég á satt að segja, þá er þetta nú svona. Mér finnst stundum ég sjálfur vera þessi óendanlegi máttur og að ég geti allt, bókstaflega allt, að ég geti ráðið og stjórnað allri tilverunni, öllum þessum óendanleika, öllu sem var, er og verður. Þetta er eitt af því sem enganveginn er hægt að lýsa. Þetta stendur utar og ofar allri mannlegri reynslu.

I. A.: Mér skilst, að hér sé um að ræða mjög sterkt guðs-samband. Þú og guðinn verðið sem eitt, á þeirri stundu, sem þetta gerist. Tilfinning guðsins, hinnar máttugu veru, færist yfir á þína vitund. Þess vegna finnst þér sem þú sért þessi guð. Finnst þér í þessu felast einhver boðskapur til þín, eða að þér sé eitthvert sérstakt hlutverk ætlað?

F. F.: Já, það að boða heiminum tilvið þessa æðri veruleika, og það er ég alltaf að leitast við að gera.

I. A.: En þú segist aldrei hafa séð neitt í sambandi við þessa reynslu. Eitthvað líkt því, sem við hér sjáum með augunum?

F. F.: Varla get ég sagt það. Þó hefur eitthvað í líkingu við það borið fyrir mig á síðustu árum.

I. A.: Geturðu gefið mér á því einhverja lýsingu?

F. F.: Þetta er svo ólíkt öllu, að ekki er hægt að lýsa.

I. A.: Mín skoðun er sú, að sjái maður eitthvað, þá er alltaf hægt að lýsa því. Sjónmynd er alltaf einhverju lík, og eins, hvort sem er í draumi eða vöku. Finnst þér, t. d. þegar þú ert í sambandi við þessa æðri veru, að þú sjáir einhverja birtu?

F. F.: Já, það líkist birtu eða ljósi, stóru ljósi.

I. A.: Hefurðu þá aldrei séð lifandi veru í þessu ljósi eða t. d. bara andlit?

F. F.: Nei, aldrei. En mér bara finnst, eins og ljósið og veran séu eitt og sama, eins og veran sé í ljósinu, og að ég sjálfur sé í ljósinu.

I. A.: Þetta hlýtur að vera stórkostleg reynsla, að skynja þessa veru, verða eins og eitt með henni og svo að skynja eða sjá þennan ljósbjarma í sambandi við hana.

F. F.: Já, þetta er svo stórfenglegt, að ég hef aldrei reynt að lýsa þessu með orðum.

I. A.: Hefur þú aldrei séð aðrar sýnir?

F. F.: Nei, aldrei. Það er þá helst, að ég hef séð ljós eða birtu, án þess að það standi í sambandi við þessa dýrðlegu veru, sem ég var að reyna að segja frá lítillaga.

I. A.: Hverju líkist þetta ljós?

F. F.: Það er einna líkast því, að sól sé að koma upp.

I. A.: Finnst þér eins og sól sé að rísa úr hafi?

F. F.: Já, það er því líkast. Líkt og brún sólarinnar sé rétt að koma upp.

I. A.: Hefur þú oft séð þetta sólrís? Virðist þér það alltaf vera eins? Að þessi sól sé alltaf við sjóndeildarhring?

F. F.: Ég hef nokkrum sinnum séð þessa birtu. Og það er eins og hún sé alltaf á sama stað. Hvorki hærra né lægra á lofti.

I. A.: Mér finnst þér hafi nú tekist að lýsa því, sem fyrir þig hefur borið. Og mér finnst þú hafa sagt mér frá mjög merkilegum hlutum.

F. F.: Já, það er enginn vafi á, að hér er um merkilega og stórfenglega hluti að ræða. Enda um reynslu að ræða úr öðrum heimi, sem alls ekkert á skylt við okkar heim. Frá slíku er alls ekki hægt að segja í raun og veru. Þetta er í fyrsta sinn, sem ég hef reynt að gefa á þessu einhverja lýsingu. Ég leiddist bara út í það, vegna *spurninga þinna*.

Samtalinu var lokið. Mér fannst eins og einhverri leyndardómsblæju hefði verið svipt frá reynslu þessa manns eins og hann hefði nú reynt að fara inn á nýja braut, í túlkun þeirra fyrirbæra, sem hann hefur svo lengi haldið myrkvuðum og óskiljanlegum bæði fyrir sjálfum sér og öðrum.

En mikið vantar enn á, að ljós skilnings náí að lýsa upp þau svið, sem hingað til hafa verið vafin myrkri dulrænu og fáfræði.

II.

Mér finnst frásögn F. F. öll merkileg. Þar sem hann talar um hinn mikla mátt, sem hann skynjar eins og í miklu ljósi, og sjálfan sig sem þátttakanda í þessum mikla mætti, þá mun hér vera um að ræða samband við mjög fullkomna veru á öðrum hnetti. F. F. fær þátt í lífi og eiginleikum þessarar háþroskaveru, finnst hann vera hún sjálf, með óendanlegum möguleikum hennar, mætti, kærleika og visku. Hann verður magnaður af þessu sambandi og nýtur þeirrar magnanar í daglegu lífi, en þessi magnan nægir honum samt ekki til skilnings á eðli þessa sambands.

Tilraun verunnar, sem komin er langt framyfir mannsstigið í öllum þroska, nægir ekki til að koma F. F. á rétta skilningsleið. Því verður allt hjá honum í þoku og villu, þrátt fyrir magnandi samband. Dæmi um sambönd við þessháttar háþroskaverur er alls ekki óþekkt á jörðu hér. Ýmsir hafa haft af slíku að segja, ekki síst trúarbragðahöfundar ýmsir og hafa þeir haft manna mest áhrif á framvindu mála á jörðu okkar, þótt ekki hafi orðið til heilla eingöngu.

Annað atriði, sem mér þykir allmerkilegt, er sólarýnin. Honum finnst í hvert skipti, sem sól sé að rísa upp yfir hafsbrún. Hér gæti verið um samband að ræða við einhvern íbúa hnattar með bundinn möndulsnúning, þar sem sólin virðist alltaf vera á sama stað á himni, í þessu tilviki, eins og hún sé alltaf að koma upp, án þess þó að hækka meira á lofti. Samband við slíkan sýngjafa er ekki alveg óþekkt. Ýmsar frásagnir er hér við að styðjast.

Mjög er nauðsynlegt að sjáendur og þeir sem aðra sambandsreynslu hafa, geti einnig haft skilning á eðli þessara merkilegu fyrirbæra. Þá yrði meiri vón til heillaríkrar stefnubreytingar í lífi þjóða og mannkyns í heild.

Ingvar Agnarsson.

SKILNINGUR Á DÁLÍTIÐ NÝJAN OG SÉRSTAKAN HÁTT

Mér opnaðist eitthvert sinn á dálítið nýjan og sérstakan hátt skilningur á því, að ekki skyldi þegar í upphafi lífskvikunar á jörðinni hafa verið komið í veg fyrir alla þá óhæfu, sem það fyrirtæki hefir orðið að þola, en sem ætla verður þó, að hvergi hafi verið látið ógert að hefja, ef skilyrði voru til. Kom þessi skilningur mér eftir samtal við mann nokkurn, sem hélt því fram, að allt, sem gerðist, hljóti að vera fyrirhugað, og byggði hann þá ætlun sína á framkomu hugboða um óorðna atburði. En þó að ég neitaði ekki öllum raunveruleika slíkra hugboða, vildi ég ekki fallast á fyrirhugunina á hinn verri veg. Ég vildi t. d. ekki fallast á, að hinar tvær stórstyrjaldir aldarinnar hafi þegar við frumkviknun jarðlífsins verið fyrirhugaðar, því að slíkt fannst mér að hefði verið svo fráleitt.

Hitt er svo annað mál, að þessar tvær stórstyrjaldir voru samt ekki nema mjög eðlilegt framhald þess, sem nálega alla tíð hefir átt sér stað á jörðinni, og skal nú reynt að gera grein fyrir þeim skilningi mínum, sem ég hér í upphafi talaði um.

Lifnunin er á hverjum stað knúin fram af þeirri nauðsyn að hefja hið líflausa efni til þeirra fegrunarmöguleika, sem það án lifnunarinnar getur ekki komist. Og á herra stig fegurðar getur ekkert komist án hinnar guðlegu ástar. En eðli hins guðlega er nú einmitt það, að ástin seilist fram nokkru lengra en ratvísin. Án þess að hætt væri á óvissu, gat hafningin ekki orðið. Það er ekki guðlegt að reikna sér ágóðann fyrirfram. Guðunum er í rauninni varnað þess að stjórna, enda er drottunin þeim hið fjarsta. Það sem þeir einkum leitast við, er að hjálpa lifendunum til þess, að þeim sjálfum takist að bjarga sér til hins rétta. Hefir árangurinn af slíku stundum virst verða einna minnstur, þar sem mennirnir eru, og stafar það stundum af því, að dýrin voru hugboðsvisari. En þó verða mennirnir að hafa forystuna. Og auðnaðist mönnum að uppgötva guðina sem jafnraunverulega lifendur og þeir sjálfir eru, þá mundi ekki einungis verða komið í veg fyrir það hrap, sem stefnt er nú að, heldur mundi þá verða hafist til þess frelsis, sem yrði falið í því að gera möguleika hins illa að viðnámi slíku, sem loftið er vængjum fuglanna.

*Þorsteinn Jónsson
á Úlfsstöðum.*

HIÐ EFNISKENNDA FRAMLÍF

Til er framlífssaga um ævi Arabíu-Lawrence (T. E. Lawrence ofursta) og er rituð ósjálfráðri skrift af miðlinum Jane Sherwood, en Sigríður Ingibjörg Þorgeirsdóttir þýddi bókina, sem kom út 1969 og heitir: *Dagbók að handan*. Hef ég áður sagt nokkuð frá fyrstu köflum þessarar bókar í Lífgeislum nr. 35 þar sem Lawrence segir frá fyrstu kynnum sínum af framlífinu eftir að hann flutti til annarrar jarðstjörnu.

Ritara þessarar framlífssögu dettur auðsjáanlega ekki í hug, að um sé að ræða líkamlegt líf á annarri jörð, og verður því að hafa náttúrufræðilegan skilning í huga, ef hafa á bókarinnar full not. En merkilega vel hefur samt hinum framlíðna tekist að koma sannleikanum fram, því svo má heita, að frásögnin beri þess víðast greinilegan vott, að verið er að segja frá lífi og lífsreynslu í efnisheimi og sem þá vitanlega getur hvergi verið nema á einhverjum öðrum hnetti geimsins, því um líf án efnis muni ekki vera að ræða í tilverunni.

Eftir að Lawrence hefur áttað sig á hinum nýju heimkynnum sínum, — en hann kom fyrst fram á heldur leiðum stað, vegna breytni sinnar í framlífinu hér — og eftir að hafa liðið allmiklar þjáningar, sem afleiðingar verka sinna, — þá snýr hann sér að því með dugnaði að kanna lífið og hina nýju lífsmöguleika og þau tækifæri til þroska, sem hin nýju heimkynni hans höfðu upp á að bjóða.

Mun ég í þessari grein leitast við einkum að vekja athygli á þeim atriðum, þar sem greinilegast kemur fram, að verið er að segja frá lífinu í efnisheimi, þ. e. á annarri jarðstjörnu, þótt fleira komi hér einnig við sögu.

Lawrence segir m. a.: „Á þessu tilverustigi eru til eftirlíkingar jarðarinnar með öllum sínum þjóðflokkum og löndum“, og minnir þessi setning eigi lítið á tilsvaranakenningu Swedenborgs og ekki síður á ideu- eða fyrirmyndafraði Platóns. Auðséð er að Lawrence er að segja frá framlífshnetti á framfarabraut, hnetti, sem fólk hefur flutt til frá okkar gömlu jörð. Lönd þess hnattar minna á lönd jarðarinnar, þrátt fyrir mikinn mun og þó góðan.

Lawrence kemst að því að „með því að þjálfra hinn dásamlega mátt óskarinnar, geta menn ferðast um og kannað lönd að vild“, og á það ekki síst við, þegar farið er í heimsóknir til annarra hnatta, en

slíkar ferðir munu mjög vera stundaðar, eftir að komið er á framfaraleiðina, enda kemur það fram í bókinni.

Hann lýsir nokkuð ferð, sem hann tókst á hendur til að kanna þessa nýju jörð sína og eins til að hitta forna vini frá jarðvistartíma sínum. Hann segir:

„Ég hélt til strandarinnar, en hún er mjög sviptík hinni vogskornu klettaströnd Englands, og tók mér far með skipi. Já, hér eru skip rétt eins og hús eða borgir. Sjöferðir eru afar auðveldar. Engin óhöpp geta komið fyrir og áttin er tryggð með óskum sjófarenda“.

(Þessi lýsing minnir mjög á hina þekktu ratvísi fuglanna á okkar jörð, sem eingöngu munu styðjast við æðra vit og leiðsögn, til að geta ratað yfir hin víðustu höf).

„Ferð okkar hefur ekki tafist af langdregnum áningum í hverri höfninni eftir aðra, svo að bráðlega erum við komin á áfangastað. Ég er aftur staddur í landi, sem er lifandi eftirmynd Egyptalands. Þó eru þar ýmis mikilvæg frávík. Í stað slæpingja og betlara, óhreininda og austræns ólofts, sem ég minnst svo vel, þá er hér hreinlegt og glaðlegt land, en virðist vera mjög fámennt. Ég hef séð nokkur kunnug andlit, en allir, sem ég hitti, eru vingjarnlegir og hamingjusamir. Fátækrahverfi og óhreinindi gömlu borganna eru horfin og einnig megnið af fólkinu. Þetta er sannkölluð draumaborg, en ég hef nú yfirgefið hana og er kominn út í hreina loftið í eyðimörkinni aftur. Ekki er erfiðleikum bundið að ferðast fótgangandi. Menn finna aldrei til þreytu, og óskin ýtir þeim hratt og óhikað áfram“.

Hér er Lawrence m. a. að lýsa hinni stórum auknu lífmögnun, sem hann verður aðnjótandi í þessu nýja landi á annarri jörð, því ekki finnur hann til þreytu og „*hugurinn ber hann hálf leið*“, eins og orðtak er hjá okkur, en hér þó á miklu áþreifanlegri hátt, því hér er um margfalda magnan að ræða, miðað við það sem við jarðarbúar þekkjum.

„Eyðimörkin á alla sína fegurð, er ég mundi svo glöggt, og reyndar meira til, en allar hennar hörmungar eru úr sögunni. Menn geta ekki týnzt, hungur og þorsti getur ekki framar tortímt mönnum, þar eð þeir eiga auðvelt með að vera án fæðu og drykkjar ótakmarkaðan tíma“.

Enginn vafi er á því, að hér er Lawrence að lýsa lífi á annarri jarðstjörnu, þar sem hver einstaklingur nýtur aðsendrar líförfu í margfalt ríkara mæli en hér þekktist. Mundi matarþörf manna hér á jörð mjög minnka, ef aukin lífsambönd við mannkyn á framfaraleið, færu að geta tekist.

Lawrence heldur enn áfram ferðasögunni í þessu nýja landi:

„Ég nýt í ríkum mæli landsins hreina og eyðilega og andu aftur að mér hinu tæra eyðimerkurlofti. Einnig er yndislegt að þurfa ekki framfarar að sitja á bakinu á ólundarlegum úlfalda í langri ferðamannalest eða vera nauðbeygður til þess að burðast með þreytandi, nauðsynlegan útbúnað eins og menn urðu að gera áður fyrr til þess að halda lífi“.

Hann finnur hinn eftirtektarverða mun á þessu landi, sem að ýmsu líkist svo því jarðneska landi, sem hann áður þekkti, og hann nýtur í ríkum mæli, þessarar eftirmyndar þess á annarri jörð, því hér er allt svo miklu fullkomnara, þrátt fyrir alla líkinguna.

„Ég hef rifjað upp marga undarlega og rómantíska stuði sem ég eitt sinn þekkti og fundið efirlíkingar þeirra hér“.

Hann talar um, að þessir staðir séu afskekktir og í eyði og hann talar um hinn hreina tómleika eyðimerkurinnar og þann frið, sem nú streymi þarna um og sem hafi afmáð óhrein merki mannanna. Enda er hann hér að tala um land á öðrum hnetti, þar sem hann er nú á framfaraleið, eftir afstaðna erfða reynslu byrjunartímans.

Víða í bókinni koma vel fram efnislegar eða jarðneskar lýsingar hans á hinu nýju tilveru. T. d.: „Áður en ég vissi af, hafði ég klifrað upp klettóttu hæð og var kominn til mannsins“, sem hann hafði verið að hugsa um.

Hann talar um sýnir til jarðar á framfaraleið á þennan hátt:

„Einstaka sinnum öðlast ég sýn inn í heim ennþá voldugra, frjálsara lífs og reynslu, – og þar ríkir svo undursamlegt ljósmagn og gleði, að ekki verður með orðum lýst“.

Í framlíffsögu Lawrence kemur fram, að á meðan hann dvaldi á jörðunni, þá hafði hann haft áhuga á bókagerð, þótt lítt hefði hann þar haft tækifæri til slíkra starfa. Og nú grípur hann mikill áhugi á því að kynnast slíku starfi í þessu nýja lífi. Þessu lýsir hann í “tírfarandi setningum:

„Bókagerð er hér eins nauðsynleg og á jörðinni og ímyndunarafli mitt sýnir fram á, að hér opnast miklu fjölbreyttari

tækifæri en ég hefði fundið á jörðinni. Hugsa sér hvílikar bækur ég gæti unnið hér! Skýr, hrein og fögur prentun, pappír í samræmi við hana og mjög skrautlegt band, er hæfði efni bókarinnar. Þannig lét ég mig dreyma, yfirgaf heimili mitt og fór úr landi í trausti þess, að mér yrði vísað á stað, þar sem iðngrein þessi væri stunduð“.

Og Lawrence varð að ósk sinni. Hann fann það, sem hann fór til að leita að, og segir svo í framhaldi þessa:

„Ég er kominn langt frá heimabyggð minni og hef fundið forna borg, þar sem eru menntasetur. Hún er ekki nákvæm eftirmynd minnar gömlu, góðu Oxford, heldur ekki háskólaborg með fyrirferðarmiklum, virðulegum byggingum. Á lengdar handan við engi nokkurt gnæfir margra hæða hártur og þangað held ég. Hjá turninum hitti ég mann, sem ég eitt sinn þekkti lútillega, okkur báðum til ánægju og er við höfðum heilsast vingjarnlega. leiðir hann mig til herbergja sinna. Allt þetta er líkt og þó einnig ólíkt því háskólalífi, sem ég hef áður þekkt og hér er ég meðal úrvalsfólks, er hefur boðið mig velkominn og hvatt mig til þess að dvelja hjá sér“.

Og að lokum finnur hann það, sem hann er að leita að og þann, sem getur leiðbeint honum:

„Ég hef fundið mann við mitt hæfi. Tómas er hljóðlátur, námfús maður, en er ég minntist á bókagerð við hann, gerbreyttist hann. Hann leiddi mig brott með sér til vinnustofu sinnar og prentsmíðju, en þar eru öll hin venjulegu verkfæri, sem notuð eru við iðn þessa, aðeins af betri gerð og fíngerðari í sniði en nokkur slík verkfæri, er ég hef haft þá ánægju að handleika. Brátt vorum við niðursokknir í tæknileg atriði iðnar hans, og hann bauð mig velkominn sem lærisvein og aðstoðarmann. Ennþá þurfa menn á bókum að halda, ennþá eru bækur skrifaðar, lesnar og lærðar, en þær eru ekki gefnar út í eins óskynsamlega miklu magni og á jörðinni. Bækur þær, sem gefnar eru út og eru ávextir visku, vits og fegurðardýrkunar, eru meðhöndlaðar af varfærni og þekkingu kunnáttumannsins er gleður hjarta mitt“.

Í undanförunum tilvitnunum kemur mjög skýrt fram að verið er að lýsa líkamlegu lífi í efnisheimi og um annan stað gæti ekki verið að ræða en aðra jarðstjörnu, þar sem allt er jafn efniskennt og frumlífsjörðin, sem hann hafði yfirgefið við dauða sinn. T. d. er

tækni á háu stigi þarna a. m. k. að því er tekur til alls er lytur að bókagerð.

En auðsjáanlega veit ritari bókarinnar Jane Sherwood ekki þrátt fyrir allt, að verið er að lýsa framhaldslífi á annarri jarðstjörnu. Því talsverður hluti bókarinnar fer í það að útskýra, hve allt sé ólíkt því, sem er á okkar jörð. T. d. segir: „*Skorturinn á reglulegri skiptingu tímans í dag og nótt veitir okkur mikið frelsi*“. Slíkt ástand mun þó ekki vera raunverulegt nema þar sem hnettir hafa bundinn möndulsnúning, eins og tungl jarðar okkar og vel kann að vera að Lawrence sé einmitt á slíkum hnetti, þegar hann kemur frásögn sinni fram, með tilstyrk ritmiðilsins. Það kemur ekki skýrt fram í bókinni.

Talað er um geðlíkama og að ekki sjáist hlutirnir sjáanlegum myndum. Minnt er á geðbrigði og tilfinningaefni og einnig á nýtt líkamsefni til þess að rannsaka. Einnig segir að hin nýju sannindi (hinum megin) neiti öllum efniskenndum tilgátum. „*Hér er grundvöllur allra samskipta eingöngu á geðræna sviðinu*“, segir á einum stað. Um endurholdgun er talað og auðséð, að reynt er að koma þeirri guðspekikenningu að, en vafalaust mun sú hugmynd hafa komið fram í meðferð ritmiðilsins.

En mjög víða er bein frásögn hins framliðna manns svo nákvæm lýsing á efnisheimi annarrar jarðar, að ekki er hægt að lata sér til hugar koma annað, en að verið sé að lýsa lífinu á annarri jarðstjörnu, okkur skyldri, en lengra þó komið í lífstefnuáttina. Mun það ekki hafa verið átakalaust framlífsmanninum að geta komið fram þessari framlífsfrásögn, þrátt fyrir andstæðan skilning ritarans. Þessi mótstaða og skilningsskortur viðtakanda, mun vera einn verstí Þrándur í Götu þeirrar viðleitni framliðinna, að koma hingað réttum skilningi á högum þeirra og framlífstilveru, en á fáu riður eins mikið, eins og málum er nú háttáð á okkar jörð.

Í eftirfarandi tilvitnun kemur líka fram, að erfiðleikar hans á að koma fram réttri frásögn, eru ekki litlir:

„*Bókagerðin veitir mér ennþá gleði og ánægju og ég held áfram námi mínu og vinnu, en mig langar líka til þess að skrifa – og er það önnur leynd þrá, sem ég aldrei fékk fullnægt á jörðinni. Ég kalla þetta ekki ritstörf. Þessi framleiðsla verður að vera fengin frá öðrum og er mjög háð takmörkunum handa og heila miðilsins, sem tekur á móti henni. Ennfremur verður þessi ritsmíð að laga sig að skilningi þeirra, sem kunna að lesa hana og hafa ekki ennþá öðlast þá reynslu, er hér er*

skýrt frá. Þetta hefur það í för með sér, að ekki er unnt að notfæra sér hina sérstöku orku og hið mikla innsæi þessa tilverusviðs að fullu. Í hreinskilni sagt, þetta verður að vera bein frásögn og þess vegna hef ég ekkert leyfi til að skálda. Nú, mig langar til að skrifa frumlegt verk, innblásið af dýrð heimsins eins og ég nú þekki hann. Ég reyni að skýra frá einhverri þeirri fegurð og ógn, sem ég hef komist í kynni við í þessum töfrandi heimi. Mér hefur opnast sýn á hvert tilverusviðið ofar öðru og með innri þekkingu og þeirri hvöt að bæta við mannlegar hugmyndir, er ekki hægt að bera á móti því, að þau hljóti að eiga sér óendanlegt útsýni“.

Þarna er Lawrence að tala um þá erfiðleika sem eru á því, að rétt frásögn komist fram, vegna takmarkana handa og heila miðilsins, sem ekki hefur skilning á því að verið sé að lýsa lífi á annarri jörðu. Hann segir þá einnig að ritmiðin verði að laga sig að skilning lesendanna og er það óefað rétt. Ekki verða þessar frásagnir að fullu gagni, nema skilningur sé fyrir hendi á undirstöduatriðum tilverunnar, þeim að áfram er lifað á öðrum jarðstjörnum þessa sama heims. Hann segist vilja bæta við mannlegar hugmyndir um framlífið og að þaðan sé óendanlegt útsýni. Hér er talað um hvert tilverustigið ofar öðru, og þeim sem lesa, án þess að hafa náttúrufræðilegan skilning á tilverunni, hlýtur að verða fyrst fyrir að hugsa sér einhverskonar svið eða plön upp af jörðinni, hvert ofar öðru, úti í köldum og efnisvana geimnum; eða þá einhvern andlegan eða geðrænan heim, sem enginn getur skilið eða gert sér nokkra grein fyrir hvers eðlis muni vera, enda ekki að undra, því skynsamleg hugsun getur alls ekki gert sér grein fyrir slíkum heimi.

En þrátt fyrir skilningsskort ritmiðilsins, hefur hinum framliðna tekist býsna vel að koma fram því meginmáli, að áfram er lifað í efnisheimi. Á því er alls enginn vafi, ef sá skilningur er hafður í huga, að verið er að segja frá lífi í efnisheimi annarrar jarðar.

Ég tel þá líka að miðillinn, Jane Sherwood, muni vera í flokki allra fremstu miðla eða ritmiðla, úr því tókst að koma fram „að handan“, svo mörgum fróðleik, er sennilega brýtur mjög í bága við hennar eigin hugmyndir um eðli lífs og framlífs.

Ingvar Agnarsson.

SAMSÖNGUR HNATTANNA

Á heiðskírri nóttu horfi ég til himins og sé allar stjörnurnar, sem loga svo glatt. Ég fer að hugsa um það, sem skáld fyrri tíða kölluðu *samsöng hnattanna*. Hvað var það, sem þeir áttu við? Voru þetta aðeins skáldleg orð? Eða var hér um raunveruleika að ræða? Ég hygg að svo hafi verið. En þó þarf að gera sér ljósa grein yfir eðli þessa samsöngs hnattanna, sem skáldin tala um.

Það eru ekki hnettirnir sjálfir, sem hér um ræðir, heldur lífið á hnöttunum. Samsöngur lífsins nær um alheim. Mannkyn á einum hnetti skynjar tilvist lífsins á öðrum hnöttum. Á þúsundum og milljónum stjarna er lífstefnan ráðandi. Þar er fegurð og máttur og viska sífellt vaxandi. Allir eru þar hamingjusamir. Og hin fram-sæknu mannkyn sumra annarra hnatta skynja gleði hvers annars, jafnvel hvers einstaklings. Og þau taka undir hvert með öðru. Samgleði og samstilling allra þessara mannkynja er ríkjandi. Þetta er hinn raunverulegi samsöngur hnattanna.

Á mörgum hnöttum mun lífið vera mjög langt komið að öllum þroska. Þar er e. t. v. varla hægt að tala um mannkyn. Þar eru lífverurnar komnar langt fram yfir mannsstigið. Guðlegar verur eru það. Og með visku sinni, mætti og góðleika reyna þær að hjálpa þeim mannkynjum, sem skammt eru komin á þroskabraut sinni, eða sem lent hafa á villigötum og lifa gagnstætt tilgangi lífsins.

Mannkyn okkar jarðar er eitt þeirra, sem illa eru á vegi stödd. Hin illa stefna er hér um of ráðandi. Við þurfum aðsenda hjálp, til að geta snúið við. Og þessa hjálp eru hinir lengra komnu ávallt að leitast við að veita okkur. Samstillt mannkyn margra hnatta munu reyna sitt ýtrasta, til þess að bjarga mannkyni okkar. Og máttur þeirra til björgunar er nægur, ef hann aðeins næði að koma sér við hér, svo sem með þarf. Það sem á skortir, er vilji og vit okkar jarðarbúa sjálfra. Við verðum að vita af þessum bjargandi til-raunum hinna lengra komnu og við verðum sjálfir að taka þar undir og vera með en ekki móti.

Það sem einkum háir okkur jarðarbúum, eru um of ófullkomin sambönd við lengra komin mannkyn annarsstaðar í geimi.

Ingvar Agnarsson.

(111-M-21-1-79)

FRAMLÍF, OFFJÖLGUNARLÖGMÁL OG ÆTT NORÐURSINS

Kenning Nýals er í eðli sínu vísindakenning, og gætu því fylgjendur hennar aldrei til lengdar vikið sér undan að ræða vísindalegar mótbáruur eða mótrök gegn henni. (Þess ber að gæta að vísindaleg rök á jafnan að bera fram á annan hátt en þau, sem höfð eru til að „sigrar“ í kappræðum). Aldrei hef ég þó orðið þess var að þessi kenning væri gagnrýnd með slíkum rökum, og þá sjaldan eitthvað hefur verið orðað í þá átt, hefur það verið út frá einhverju mjög takmörkuðu sjónarhorni eða af ókunnugleika. Kenningin er sannfærandi fyrir hvern þann sem af fullum heiðarleik reynir að skilja hana. En þó hef ég fundið eitt, sem að vísu snertir á engan hátt aðferðir hennar og almenn viðfangsefni, en er þó vandamál í sambandi við ályktanir af henni dregnar. Það er vandamál offjölgunarinnar — á alheimsmælikvarða. Endalaus hraðfjölgun — manna, dýra og jurta — er ófær, í stjarngeimi sem er lengi að skapast. Hversu stór sem heimurinn er, verður hann aldrei nógu stór, ef allsstaðar fjölgar.

Kunn er sagan af upphafi skáktaflsins, sem tvímælalaust er þjóðsaga. Spekingur nokkur á Indlandi hafði gert þessa merkilegu uppgötvun, sem taflíð var, og gefið konungi sínum, en sá hreifst undireins af þessari nýjung og öll hirð hans með. Konungur bað hann kjósa sér laun, og vildi hann í fyrstu ekkert þiggja, en þegar farið var að ganga á eftir honum, óskaði hann þess að fá eitt hveitikorn fyrir fyrsta reitinn á taflborðinu, tvo fyrir annan, fjóra fyrir þriðja, og þannig sífellt tvöfaldað á hvern reit. Þótti þetta lítil bón í fyrstu. En þegar farið var að reikna, kom í ljós að þessi litla bón, sem virtist vera, fól í sér margfalt meira korn en til var á öllu Indlandi. Á máli skammt kominnar stærðfræði heitir þetta tveir í sextugasta og þriðja veldi.

Fyrir löngu hefur verið á það bent, að slík tvöföldun, eða hverskonar margföldun líftegundar, þýðir ævinlega offjölgun eftir nokkrar kynslóðir. Af þessu hafa sprottið hugleiðingar um takmörkun fjölgunar, sem sumum hafa virzt kaldhæðnislegar (Malthus, um 1800) en byggjast þó á þessu óbyggjandi lögmáli, að því er jörðina varðar. En einnig í himingeimnum, það er á hinum takmarkalausum víðáttum hnatta, sólhverfa, vetrarbrauta og yfirvetrarbrauta virðist fjölgun lifendanna aldrei mega verða hraðari

en sem nemur sköpun hins nýja efnis. Demokritos, Fred Hoyle og Þorsteinn Jónsson hafa haldið því fram, að slík nýsköpun efnis eigi sér sífellt stað, en andstæða þeirrar kenningar er kenningin um klumpinn, sem sprakk fyrir 20 milljörðum ára. Þó að hugsanlegt sé, að heimur sólna og vetrarbrauta, ljóss og frumagna, sá sem séð verður yfir, hafi átt sér upphaf í tíma (Helgi Pjeturss og Einar Benediktsson tala báðir eins og svo hafi verið) þá virðist mér allt talið um klumpinn, sem sprakk, bera keim af helheimsku (orð eins og „Big Bang“ eða „Stórasprenging“ eru mótuð af hugarfari þeirra sem hafa gaman af að sprengja og drepa), og mótsagnirnar gífurlegar. Ég hygg að þessi „takmarkaði þáttur í tilveru sem er óendanleg“ (Hið mikla samband, 17. þáttur) hafi byrjað í þögn og svo með þungum ym, unz „ljósið glóði“, en ekki með sprengingu. En það er mjög þýðingarmikið að komast á rétta leið einnig með þessi efni, því án þess yrði stjörnufræðin leiðinleg og framfaralaus.

Í „Guðunum á Síríusi“ eftir K. O. Schmidt kemur það fram að mannfjöldinn á hnetti Magna, langt framþróuðum á rétta leið sé rétt um einn milljarður eða u. þ. b. fimmti hlutinn af fjölda jarðarbúa nú. Framfaramannkynið leggur því ekki stund á óstöðvandi mannfjölgun. En það kemur líka fram, að þar sem fjölgunar er þörf, þar verður hún, á þeim hnetti. En hér á jörð, þar sem allt virðist vera að fara úr böndunum, fer þeim nú hraðfækkandi sem helzt hefðu getað tekið að sér stjórn á framvindu hnattarins, öllum íbúum hans til óendanlegrar blessunar.

Einungis með því að þetta breytist er björgunar von. Ætt Norðursins á að aukast og halda sérkennum sínum.

Þorsteinn Guðjónsson.

Ljóð:

SIGYN

Eftir Rósu B. Blöndals

Ég tigna, Sigyn, trúnað þinn,
ég tigna þína ást,
sem þoldi allt, sem umbar allt
og ekki í nauðum brást.
Ei garpa þarf að sigla sæ,
er sefur lagardjúp,
og brimið faðm þess blundar við,
sem barn í ljósum hjúp.

Á meðan allt að óskum fer
þarf enga festu í lund,
að halda trú og heitorð sín
um hlýja árdagsstund.
En komi ógn, þarf afl í þraut,
ef engin veitast grið,
að brjóta fyrir breyskan vin
hvert band við skyldulið.

Þú sundur ættarböndin braust
og burt úr guða höll
með Loka gekkstu hrygg en hrein
sem himinfallin mjöll.
Þú barst með honum bölván hans.
Þér bjarmi úr augum skein,
er ennþá lýsir ungri mey,
sem elskar fríðan svein.

Þú hugðir ei á fé né frægð,
en fórst í búna þraut,
að mýkja ógn og eymdir hans,
er ástir þínar hlaut.

*Þú vakir yfir höfði hans
í hendi mundlaug berð,
og þannig ormsins eitri frá
þú elskhuga þinn verð.*

*Þú mikla kona, kærleiks tákn,
þú kvenleg hróðrar dís.
Þín köllun blessist öld frá öld
og alltaf sé þér prís.
Þú verður hverjum vegaljós,
er vini breyska á.
Þín minning roðar ysta ós
og efstu jökulbrá.*

*Rósa B. Blöndals
Þakkir, ljóðabók, útg. 1933.*

Frá Loka og Sigyn er svo sagt í Snorra-Eddu:

„Nú var Loki tekinn griðlauss ok farit með hann í helli nökkurn. Þá tóku þeir þrjár hellur ok settu á egg og lustu rauf á hellunni hverri og bundu Loka yfir þá þrjá eggsteina. . . . Þá tók Skaði eitorm ok festi upp yfir hann, svá at eitrit skyldi drjúpa ór orminum í andlit honum, en Sigyn, kona hans, stendur hjá honum ok heldr mundlaugu undir eitrdropa. En þá er full er mundlaugin, þá gengr hon ok slær út eitrinu, en meðan drýpr eitrit í andlit honum. Þá kippist hann svá hart við, at jörð öll skelfr. Þat kallið þér landskjálfta. Þar liggr hann í böndum til ragnarökr.“

I. A.

SAGA VORS ÆTTLANDS ER UNG

*Saga vors ættlands er ung,
en eldfornum vaxin af stofni.
Framtíð oss vitrar í von
voldugu aldanna mið.*

*Öfl, sem oss fortíðin fól,
fjötruð í algeima djúpi,
leysast nú lífdögum á,
leikföng í barnanna hönd.*


Einar Benediktsson.

Draumar:

Stjörnusveipur í draumi

I.

Mér þótti ég horfa á stjörnum stráðan himin. Allstórt svæði var þar stjörnulaust, en umhverfis það var hringmynduð dreif smárra en þó all bjartra stjarna. Athygli mín náði aðeins til þessa afmarkaða svæðis.



Hinn draumséði stjörnusveipur.

II.

Ekki hygg ég að stjörnuhimin sem þennan sé að sjá neinsstaðar héðan af jörðu.

Kvöldið áður hafði ég verið að lesa í Nýal fram á nótt. Ekki veit ég hvort draumurinn stendur neitt í sambandi við þann lestur. En H. P. segir, að milli góðra lesenda skapist hollir straumar. Hafi einhver annar verið að lesa í Nýölum samtímis mér, kynnu stilli-áhrif að hafa átt þátt í draumi mínum.

*Ingvar Agnarsson
(Dreymi 26. apríl 1983).*

Draumur um lík á palli

I. Formáli

Ég var á heilsuhælinu á Reykjalundi. Þá dreymdi mig eftirfarandi draum. Hvað hann stóð lengi, er nú ekki ljóst, sá ekki á klukkuna en vildi ekki raska ró félaga minna með því að kveikja ljós. Milli dúranna er ég ekki viss um hvort um vöku eða svefn var að ræða. Kannski var þetta eitthvert *doð* sem kallað er.

Draumur þessi hagaði sér þannig að sýnin hélt alltaf áfram þótt ég þættist opna og loka augunum á víxl. Þetta á milli er það sem ég hefi kallað smá dúra og er ekki viss um hvort hér var um svefn eða vöku að ræða af einhverri tegund.

II. Draumurinn

Mér þótti ég staddur í allstóru herbergi, sem ég kannaðist ekkert við. Sá engin húsgögn, gluggatjöld né myndir á veggjum. Allt fannst mér benda til að þetta væri ekki íveruherbergi, heldur ætlað til annarra nota. Ámiðju gólfi var pallur, lítið eitt upphækkaður. Hann var það stór að á honum hefðu getað staðið þrjú rúm með litlu millibili. Ég aftur á móti sat utan við þennan pall, á hverju man ég ekki, en í þeirri hæð að ég hafði útsýn yfir allan pallinn og herbergið.

Ég bara sat andspænis þessum palli og horfði þangað. Það sem ég sá og festi auga á voru þrjú lík. Utan um þau var mjallhvítur hjúpur án allra auðkenna. Kannski hikaði ég við að segja að þetta væru lík eins og þau er lögð til. Ekkert gat ég eygt nema hjúpinn og ekki komst annað að í huga mínum en að þetta væru lík. Hvaðan sú víska var, veit ég ekki. Lík þessi voru aðskilin með töluverðu millibili, svo ekkert gat þar blandast saman eða villt um.

Eins og áður er um getið, fannst mér ég sofa í dúrum og opna augun á milli. Hve oft ég þóttist opna augun, get ég ekki um sagt, en sýnin var í hvert sinn hin sama, engin ný auðkenni.

Loks varð þó sú breyting á, er ég opnaði augun, að líkin þrjú voru horfin af pallinum en í þeirra stað komið eitt lík.

Það fannst mér ívið stærra og hjúpur þess ekki eins mjallahvítur, en úr sama efni að sjá. Hvort þetta hefur stafað af því að birtan hafi ekki skinið á það á sama hátt og hin, get ég ekki um dæmt, en getur vel skeð. Ég horfi á þetta lík stundarkorn, en engin auðkenni var

þar að sjá frekar en hinum. Svo loka ég augunum og þegar ég opna þau á ný, er það horfið og pallurinn auður. Ekki get ég munað að mér væri sýnt þetta eina lík nema einu sinni.

Útaf þessu endaði draumurinn og glaðvaknaði ég, enda var þetta um fótaferð kl. hálfátta. Mér leið ekki vel og hugði ég að sofna, klæddi mig því ekki, en svefn var ekki til taks.

III. Eftirmáli.

Settist ég þá upp og skrifaði drauminn svo ekkert gæti í hann slæðst úr vökunni.

Ég reyni lítt að ráða drauma, en get ekki neitað því að mér fannst draumur þessi standa á einhvern hátt í sambandi við þá, sem fórust í landhelgisvélinni, sem þá var komin að landi og líkin tekin úr henni. Ekkert hefi ég við að styðjast með þetta, en allt þetta var ríkt í huga mínum sem annarra um þessar mundir.

Þórhallur flugstjóri var mér nátengdur að frændsemi, en hann hafði ég aldrei séð eða kynnst. Virti hann þó vegna þess orðs sem af honum fór.

Halldór Pjetursson

(Dreymt 12. nóvember 1983).

IV. Um drauminn og líkleg stilliáhrif.

Eins og kemur fram í eftirmála draumsins hjá Halldóri, þá var það ríkt í huga hans, eftir að hann vaknaði, að draumurinn stæði í einhverju sambandi við þann voðaatburð er landhelgisþyrilan fórst í Ísafjarðardjúpi.

Margir nákomnir Halldóri hafa hugsað sterkt um þennan viðburð, auk þess, sem hér var alvarlegt umhugsunarefni allra landsmanna.

Ég hygg að stilliáhrif, einkum frá kunningjum Halldórs, kunni að hafa valdið því, að hann dreymdi einmitt slíkan draum sem þennan. Draumgjafi hans hefur verið sá sem sat í herberginu með upphækkaða pallinum. Sá hefur vitað, að hér var um lík að ræða, og sú hugsun hans hefur þá borist hinni sofandi vitund Halldórs.

Ég hygg að hin draumskynjuðu lík standi ekki í sambandi við þyrluslysið, nema að því leyti sem leiðir af stilliáhrifum.

Draumsýnin sjálf mun stafa af sambandi við fjarlægán sýngjafa, svo sem jafnan mun vera.

I. A.

Draumur um hjartan haflöt, fagurt fjall o. fl.

I.

1. Mér fannst ég vera staddur á ókunnnum stað svo undrafögrum að slíkt hafði ég ekki áður augum litið, allt umhverfið hvert sem ég leit eins og vafið himneskum ljóma. Fegurðin gagnaþók mig þannig að ég gleymdi öllu öðru. Hafið sem þar blasti við mér svo hjart af sólarbirtunni að ég gat ekki greint lit þess, ylurinn frá sólinni yndislegur og kyrrðin alger og svo hljóðlát að mér fannst ég aðeins heyra andardrátt hins nýja lífs sem þarna umlék mig.

2. Þá fannst mér ég ganga nokkurn spöl staflaus og óhaltur. Sá ég þá nokkra menn þar liggjandi. Þóttist ég um leið vita að þeir væru láttnir. — Er ég hafði horft á þá um stund þekkti ég eitt andlitið, var það andlit Péturs vinar míns Sumarliðasonar kennara sem þá var látinn fyrir ca. tveim mánuðum. Gerði ég mér þá grein fyrir því að ég var staddur á öðru tilverusviði. Opnar hann þá augun, lítur til mín og rís upp, stendur því næst á fætur og horfir út á hafið. Ekki fóru nein orðaskipti á milli okkar. Mér varð starsýnt á hann því þarna var hann hærri og þreknari en í lifenda lífi, og litarhátturinn líkur og á fólki sem dvalist hefur í sólarlöndum.

3. Þá var mér litið lengra og sá þá í fjarska stórt og fagurt fjall í blámóðu. Kom mér þá í hug ljóðið úr sálmí Einars H. Kvaran:

Þín náðin Drottinn nóg mér er,
því nýja veröld gafstu mér,
í þinni birtu hún brosir öll,
í bláma sé ég lífsins fjöll.

Lengri varð draumurinn ekki því þá vaknaði ég það vel að ég festi hann á blað, því mér fannst hann nokkuð sérstæður.

Guðjón B. Jónsson

(Dreymt í desember 1982).

II.

Vegna þess að mér finnst draumur þessi allur hinn athyglisverðasti, langar mig til að fara um hann nokkrum orðum, ef verða mætti til einhvers skilningsauka:

Draumurinn er allur skýr og kemur það vel fram í frásögninni. Aðalatriðum draumsins mætti skipta í þrjá þætti eða hluta:

Í byrjun draums virðist dreymandinn hafa fengið fullkomið

samband við einhvern, sem horfir út yfir haf og heillast af þeirri miklu birtu og fegurð sem þar blasir við augum. Hér er um slíka fegurð að ræða, sem ekki hefur fyrir augu dreymandans borið í vöku. Engar eru hér rangþýðingar, og er það oftast merki skýrra draumsambanda.

Næst verða fyrir honum menn, sem liggja á jörðunni. Hann telur sig þekkja einn þeirra, frá hérvistardögum hans. Hann veitir manninum nána athygli og sér að útlit hans er allt annað en verið hafði. Nú er hann hærri og þreknari og með brúnan litarhátt, en í raun var maður sá sem hann þekkti ljós í andliti, lítill og grannur, að því er hann (Guðjón) sagði mér sjálfur. Að nýölskum skilningi hefur því verið hér um annan og alls ólíkan mann að ræða, en hann taldi vera í draumi sínum. Ég álit því að hér hafi verið um rangþýðingu dreymandans að ræða svo sem algengt er. Og næsta furðulegt er hve athygli draumgjafans hefur komist skýrt inn í sofandi vitund draumþegans, þrátt fyrir þessa rangþýðingu. Þá er athyglisvert að í draumnum gengur hann staflaus og óhaltur, en raunverulega er hann (Guðjón) haltur og gengur við staf. Allt þetta má telja næstum því sönnun þess, að um draumsamband hefur verið að ræða við ókunnan og fjarlægán draumgjafa.

Í þriðja þætti draumsins ber fyrir hann stórt og fagurt fjall í fjarska. Og hér verður engin rangþýðing. Hér er draumgjafinn í sínu eigin umhverfi, einmitt á þeirri sömu stundu sem draumurinn gerist. Draumþeginn skynjar með augum hins fjarlæga sambandsvínar.


Af sumum draumum má með nokkurn vissu ráða, hvort draumgjafinn, sá sem draumurinn stafar frá er íbúi okkar jarðar eða einhverrar annarrar. Framansagður draumur gefur ekki fullnægjandi vísbendingu um hvort er heldur. Af ýmsu, sem í honum kemur fram, þykir mér þó heldur líklegra að um samband hafi verið að ræða við íbúa einhvers annars hnattar í öðru sólhverfi, þar sem fegurð náttúrunnar er öllu meiri en hér gerist. Þetta eru þó mest getgátur. — Aðalatriðið er að draumur þessi leiðir svo vel í ljós, að hér er um samband að ræða við einhvern annan, og að sjónskynjanir, hughrif og hugsanir hins fjarlæga, óþekkta, vakandi manns hafa náð að berast til draumþegans hér, þótt órafjarlægðir skilji.

I. A.

Fjallasýn í draumi

Mig dreymdi, að ég stæði úti á bersvæði og horfði til fjalla. Voru þau allhá og brött, bunguvaxin með bogadregnum mjúkum línum. Fjallahlíðarnar voru allbrattar, en ekki tók ég eftir neinum klettum eða berglögum og engum giljum eða gljúfrum. Mér þótti landið undir fjöllum vera vaxið lágum gróðri en hlíðarnar einkum ofantil gróðurlausar. Mér virtist birtu slá á þessi fjöll frá hægri. Engin sérstök hugsun fylgdi þessari draumsýn. Ég hef því aðeins haft sjónsamband við draumgjafa minn, en ekki hugsamband að öðru leyti.

Inovar Aonarsson



Hið draumséða landslag mun hafa lítið út mjög nálægt því sem hér er sýnt.

Sambandsfundir:

Fyrir miðilsmunn.

Miðill Sveinn Haraldsson.
136. Ásgrímur Jónsson. Blessaðir.

Blessaður. Er það Ásgrímur Jónsson? Jónsson, satt er það.
Listmálari?

Ég er sá Ásgrímur, kunnur málari, og satt er það, að ég reyni að vanda mig í því starfi í framlífinu sem í frumlífinu, reyni það sem ég framast get til að málverkin mín geti talist list.

Hvað þarf það að vera til þess að það teljist list?

Fegurð sérstaklega og veruleiki. Afskræming veruleikans er fjarri mér.

Þú segir í æfisögu þinni frá draumum og sérstökum skynjunum. Var þetta samband við lengra komið mannfélag?

Auðvitað var það ekki af öðru en sambandi við uppsprettuna á framlífshnöttunum. Geislunin flutti mér fegurðina í draumum, er þar er að finna þótt ég víst ekki sem skyldi áttaði mig á því vísindalega. En náttúran er uppspretta allrar fegurðar og snilldar, listrænnar fegurðar sem annarrar og miklu máli skiptir að samböndin við lengra komið líf og fullkomnara á hverjum stað sé sem best til þess að listir og annað þróist í rétta átt.

Halda menn virkilega að maður geti allt af eigin rammleik. Öll mestu snilldarverk jarðarinnar eru í eðli sínu guðlegs eðlis. Það er sambandið við hið guðlega í alheiminum er lyftir þeim og mannsálinni á hætta stig. Það getur verið að menn vilji ekki viðurkenna þetta af stærilæti og hroka, halda að þeir séu einir um hituna. Það er nú fjarstæða. Það rýrir ekki gildi listaverksins eða listamannsins þó það sé af æðri uppruna en jarðneskum eingöngu, heldur hefur hann nær fullkomnuninni. Raunar eru sumir listamenn óinnblásnastir allra manna, þó dýrkaðir séu sem snillingar stundum, þar sem vitið er ekki nema mjög ófullkomið.

Ferðast þú mikið hnatta á milli?

Það kemur stundur fyrir að ég bregði mér í heimsókn í önnur sólhverfi og aðrar vetrarbrautir.

Ég þakka nú fyrir. Verið blessaðir.

30. 11. '81 Gunnar Hjörvar
ritaði eftir segulbandsupptöku.

Fyrir miðilsmunn.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

137. Ólafur T.

Það er kraftur talsverður í mönnum hér þar sem ég er nú niðurkominn og vildum við veita ykkur sem mestan þátt í orku okkar og allri þjóðinni ef unnt væri og það ætti að vera möguleiki ef rétt er tekið á móti með réttu hugarfari og réttum skilningi fjöldans að ná að magna alþjóð svo hver einstakur ætti yfir að ráða ofurmagni þannig að hver einstakur yrði guðum líkur að afli og áræði.

Þetta tala menn um hér í framlífinu af talsverðri reynslu. Máttur hvers eins er margfaldur við það sem var á jörðinni og er það ekki af öðru en því að samstilling einstaklinganna er hér mun öflugri og sambandið við æðri lífsstöðvar þar af leiðandi stórum fullkomnara en annars gæti verið kostur.

Geri ég ráð fyrir því að slíkt muni í framtíðinni verða hægt að ná á ykkar jörð, þegar hugir manna breytast og skilningurinn vex á líforkunni. Auka mönnum svo afl að sjúkdómar og vesöld öll hverfi og það að menn sigrist á hverri raun á þroskabrautinni.

Ég fylgist með þjóðmálum enn og mínum samherjum sem enn eru uppi. Þeir eru nú sumir ágætir, greindir menn þó eitt kynni að skorta öllu öðru fremur, yfirsýn. Sambandsþekking sú er samræmir en sundrar ekki.

Sérðu nokkra framfaramöguleika?

Ekki ætla ég að gerast spámaður um þessi mál. En þó mætti gera sér í hugarlund að Alþingi Íslendinga yrði stofnun þar sem vísindi yrðu meir metin líffræði og stjörnufræði sérstaklega og þekking á fjarskynjunum hnattanna á milli.

Þetta mundi hefja menn yfir þras um lágkúrulega hluti og lítilsverða. Koma mundu menn auga á úrræði þar sem þeir annars engin sæu með tilstyrk framliðinna forfeðra og snillinga á öðrum hnöttum.

En þetta er óskhyggja auðvitað ennþá, að Alþingi verði meira en einungis valdastofnun misjafnlega viturra manna og skamm-sýnna oftlega. en eigi geri ég lítið úr þeim ágætu mönnum ýmsum er þar starfa. Ég vænti mér mikils af þeim. Ég er að mörgu leyti bjartsýnn hvað sem líður blikum ýmsum og dökkum skuggum.

Hvernig líst þér á stjórnanálin í dag?

Eitthvað er hægt um það að segja auðvitað. Ég horfi nú af öðrum sjónarhóli en áður yfir lífið og heiminn. Það kann vel að vera að ég mundi nú ekki að öllu leyti tala eins og ég gerði áður um hlutina, því það væri takmörkun alltof mikil. En að vera sjálfstæðismaður í orðsins stærstu merkingu, það er alveg hægt að halda sig við það, ekkert síður en áður.

Er þér auðveldara að koma hér fram af því að það er verið að gefa út bók um þig?

Það er nú áreiðanlega mér til fulltingis að þessi bók hefur skráð verið og gefin út eins og búast mátti við til framdráttar minningu minni, og góðum mönnum er ég þakklátur fyrir það. Þeir eru ýmsir er meta starf mitt sem stjórnmálamanns enn mikils. Er mér ávinn-ingur að því. Ég held að ekki hafi ég allt gert óaðfinnanlegt en vildi leggja fram orku mína í þágu þjóðarinnar allrar.

*Gunnar Hjörvar
ritaði eftir segulbandsupptöku.*

Fyrir miðilsmunn.

Miðill: Sveinn Haraldsson:

138. Bjarni J., prestur. Heil og sæl.

Presturinn, Bjarni J., er talar stjarna á milli. Stórt stökk stígum við prestarnir að tala milli stjarnanna. En þeir jarðarprestarnir þurfa ð stíga þetta stökk strax, segja fólkinu frá sambandinu við aðrar stjórnur af prédikunarstólunum. Fyrr eru þeir ekki Kristsfylgjendur, en þeir kenna sannleikann í kirkjunum varðandi flutninginn af einni jörð á aðra. En ég tala nú stórt, þar sem ég er þeirri reynslu ríkari að vera fluttur á aðra jörð. Og þegar maður hugsar frá þessu sjónarmiði, breytist margt, sem mátti breytast, í hugmyndum og trú. En allt verður þetta þó miklu stórkostlegra en maður gerði sér í hugarlund á trúarbragðastiginu.

Helgi Pjeturss skildi nú öðrum betur mannsálina, meðvitundina, hvað hugurinn er stórkostlegur orkumótakandi og geislar frá sér um geimdjúpin milli hnattanna sínum áhrifum. Eg er búinn að læra mikið af Helga Pjeturss í vísindum hér á annarri jörð. Það er mjög merkilegt og þýðingarmikið að kunna skil á. Núna segi ég aðeins lítið eitt af högum mínum en allt hið besta þó, það sem ég segi. Ég er farinn að sjá svo margt í nýju ljósi, finn hvernig hugurinn

styrkist, hvernig fjötrarnir losna svo undrum sætir. Þegar ég lít til baka, rifjast margt upp, margt vel og anr.að síðra. En ekki ætla ég hér nú að fara að rifja sögu mínu upp alla.

En á jörðinni beindist hugur minn að trúarefnum, svo sem ekki þarf að rekja. Starf mitt snérist um kristinn boðskap og boðun hans og þar fram eftir götunum. Kristur er mér kær ekki síður hér en var á jörðinni. En í öðrum skilningi nokkuð, sagt satt. Það er svo merkilegt umhugsunarefni þetta frelsaranafn eða hlutverk, er felst í áhrifum á mannkynssöguna. Jesús hafði slík áhrif á mannkynssöguna, sem seint verður allt rakið. Hvað þyrfti til þess að svo yrði, er vert að hugleiða, íhuga vandlega. En satt er það, sem sagt hefur verið, að mankynið er samt ekki frelsað frá synd og villu enn, þrátt fyrir allt. Þetta er það, sem þarf að hugleiða, hvað vantar þar til þess, að svo megi verða.

Jæja, ég ætla nú ekki að taka tímann frá öðrum.

Verið þið blessuð.

26. 10. '81.

Gunnar Hjörvar

ritaði eftir segulbandsupptöku.

Fyrir miðilsmunn.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

139. Nietzsche. Sæl.

Sæll. Talar þú frá hnetti Helga Pjeturss?

Já, rétt er það. Hann er minn vinur og hefi ég mikinn áhuga á framgangi hans heimsfræði- og líffræðiskilnings, að hann verði sem styst að ná fram á jörðinni, hjá mankyninu. En ekki er auðvelt að breyta hugsunarhætti fjöldans til betri vegar sem reynslan sannar. Það þyrfti þó að takast að ryðja þessum sannindum braut og það þyrfti að takast að vekja áhuga milljónanna á þessum málum og það veit ég, að ykkur mun vera þetta mikið áhugamál. — Ég hefi mikið hugsað til Íslands allengi eftir að á aðra jörð var komið. Sérstaklega nú þegar ég horfi til minnar frumlífsjarðar úr órafjarlægð af öðrum hnetti, þá dylst mér ekki hvert stefnir og það munu fleiri sjá hættur er við blasa. Ýmsir andans menn sögunnar fylgjast með þróun heimsins og framvindu málanna, svo segja má að ég sé einn af mörgum er gera sér grein fyrir því, hve ríður á að sannleikurinn verði þeginn og rétt stefna tekin. Það finnst mér lofa betri framtíð mankyninu til handa,

þrátt fyrir allt, er að þessi sambönd hafi fram komið, er leiða í ljós tilgang lífsins. Hvort menn gera það svo dugi, er ekki unnt að segja fyrir örugglega. Samt er nú þetta enn möguleiki, þó illa horfi, þá er stundum að óvæntir hlutir gerast, tíðindi á betri veginn. Það birtir stundum, geislar hrekja burt hið svartasta myrkur, á örskammri stund, ef ég mætti nota líkingamál. En ég er að gera tilraun með öðrum hér. Nýt ég að Helga Pjeturss og fleiri ágættra vina. Það er furðulegur maður að andans mætti og visku.

Hvað segir þú um draumakenningu hans?

Það sem skarplegast hugsað hefur verið af mannlegum heila, var að ráða þá gátu svo að ótvíræð lausn sé fundin. Með þeirri uppgötvun er svo stórkostleg yfirsýn fengin yfir tilveruna, tilgang lífs og heims, að með ólíkindum má teljast. En þó er það fullkomlega áreiðanlegt, að draumgjafinn er íbúi annars hnattar. Maðurinn er í svefni þátttakandi í meðvitund og lífi vakanda á fjarlægum hnöttum. Geislar berast milli hnattanna, milli lifendanna, er þiggja skynjanir hvors annars, rá einni meðvitund til annarrar. Þetta er ég í bestri aðstöðu til að rannsaka. Í framlífinu hefi ég komist að áreiðanlegri niðrustöðu um sannleiksgildi þessarar uppgötvunar. Ég vildi nú geta stuðlað að sigri þessarar uppgötvunar á gömlu jörð og annarra, er Helgi hefur gert varðandi þróunina og stefnu lífsins, tvær stefnur, og framlífið sem er nú stórmerkilegt. Að komá framlífinu í andasamband við náttúruna, ef ég mætti orða það svo. Á þann hátt, sem gert er með því að átta sig á flutningnum af einni jörð á aðra. — Ég hugsa til að reyna að gera vart við mig í vaxandi mæli á ykkar jörð, koma til jarðar mínum mætti og orku og helst svo að verði að vana, þau áhrif. Ég er ekki í vafa um það, að ýmsir kunna að meta mitt verk, þrátt fyrir galla þess ýmsa og þeir gætu greitt fyrir hug mínum til þessa málefns, að ég gæti komið mér nægilega við. Ég vil nú ekki þreyta ykkur meira en orðið er að þessu sinni og læt þetta nægja.

Pakka fyrir góðar viðtökur og hlýjar. — Verið blessuð.

16. 11. '81.

Gunnar Hjörvar

ritaði eftir segulbandsupptöku.

Fyrir miðilsmunn.

140. Þorbjörn.

Heimshverfi eru samsett af mörgum vetrarbrautum. Í hverju heimshverfi eru aflsvæði billjóna hnatta og mannkynja. Þetta heimshverfi, sem við tilheyrum og þið, er ég allfróður orðinn um fyrir æ meiri fjarskynjun. En seint mun ég verða alfróður um þetta heimshverfi þó.

Það eru mörg tungumál í alheimi, töluð á hinum ýmsu hnöttum. Merkillegt að bera þetta saman og er hægt að fullyrða það, að áhrif eins máls á annað, orðaflutningar, eiga sér stað milli hnatta. Þið ættuð nú að athuga ykkar draumreynslu. Sambandsáhrif þau, er þar er um að ræða, eiga upptök sín í annarra meðvitund og skýrir það sköpun málsins.

(Segulband) 31. 8. '81.

141. Ögmundur.

En því getur maður lengi furðað sig á, hversu óendanlegt er geislamagn sólnanna. En þó er annað enn furðulegra. Það að lífgeislaaflíð er æðra sólarljósinu, enn fegurra.

(Segulband) 31. 8. '81.

142. Eyjólfur Eyfells.

Stór er þessi heimur, er mennirnir rannsaka og þekkja og sjá engin takmörk á. Og þegar einstaklingurinn á að nema þennan óendanlega heim, er, eins og við er að búast, ekki um stór stökk að ræða. Þó er víst, að þau verða smám saman stærri og stærri og ríður á að rétt sé hugsað og vandað til hvers skrefs.

(Segulband) 31. 8. '81.



Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Rústjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

Guðirnir á Síríusi eftir K. O. Schmidt	Bls.	75
Í þýðingu Þorsteins Guðjónssonar. Hamingja fullvissunnar.		
ERINDI OG GREINAR:		
Halastjörnur (Sjá forsíðumynd). I. A.	—	74
Dulræna. — Skilningur og vanskilningur. I. A. ...	—	80
Skilningur á dálítið nýjan og sérstakan hátt. P. J.	—	84
Hið efniskennda framlíf. I. A.	—	85
Samsöngur hnattanna. I. A.	—	91
Framlíf, offjölgunarvandamál og ætt norðursins. · Þorsteinn Guðjónsson.	—	92
LJÓÐ		
Sygin. Rósa B. Blöndals.	—	94
Saga vors ættlunds er ung. E. Ben.	—	95
DRAUMAR:		
Stjörnusveipur í draumi. (Með mynd). I. A.	—	96
Dramur um lík á palli. Halldór Pjetursson.	—	97
Draumur um bjartan hafflöt, fagurt fjall o. fl. Guðjón B. Jónsson	—	99
Fjallasýn í draumi. (Með mynd). I. A.	—	101
SAMBANDSFUNDIR:		
Fyrir miðilsmunn. (Nr. 136–142).	—	102
Miðill: Sv. Har. — Ritari: G. Hj.		